

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 940/2018 um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um váttryggingastarfsemi og váttryggingasamstæður.

1. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (ESB) 2017/1542 frá 8. júní 2017 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2015/35 að því er varðar útreikning á lögbundnum gjaldþolskröfum fyrir tiltekna flokka eigna í eigu váttrygginga- og endurtryggingafélaga (innviða-fyrirtæki), sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2019 frá 14. júní 2019, skal gilda hér á landi. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 16/2020 frá 12. mars 2020, bls. 45-52.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 1. mgr. 50. gr. og 1. mgr. 103. gr. laga um váttryggingastarfsemi, nr. 100/2016, og öðlast þegar gildi.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 21. apríl 2020.

F. h. r.

Guðrún Þorleifsdóttir.

Hjörleifur Gíslason.